

225. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÁNUDAGINN 27. OKTÓBER 2014 KL 12:00

haldinn í Grensáskirkju

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning
2. Fjármál
 - a) Endurskoðunarskýrsla 06-701 Þjóðkirkjunnar vegna ársins 2013
 - b) Endurskoðunarskýrsla Jöfnunarsjóðs sókna vegna 2013
 - c) Ársreikningur Kirkjumálasjóðs vegna 2013
3. Erindi frá innanríkisráðuneytinu vegna Fríkirkjunnar í Hafnarfirði
4. Erindi frá sóknarnefndarformanni Keflavíkursóknar
5. Önnur mál

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 11:55. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir.

Fundinn sátu jafnframt, Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Biskup Íslands setti fundinn.

2. FJÁRMÁL

a. Endurskoðunarskýrsla 06-701 Þjóðkirkjunnar vegna ársins 2013.

Endurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar vegna 06-701 Þjóðkirkjan vegna ársins 2013 lögð fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að leggja skýrsluna fram til kynningar hjá fjárhagsnefnd kirkjuþings.

b. Endurskoðunarskýrsla Jöfnunarsjóðs sókna vegna 2013

Málinu frestað.

c. Ársreikningur Kirkjumálasjóðs vegna 2013

Ársreikningur Kirkjumálasjóðs lagður fram til kynningar og undirritunar.

Kirkjuráð samþykkti og undirritaði ársreikning Kirkjumálasjóðs vegna ársins 2013.

3. ERINDI FRÁ INNANRÍKISRÁÐUNEYTINU VEGNA FRÍKIRKJUNNAR Í HAFNARFIRÐI

Erindi frá innanríkisráðuneytinu, dagsett 13. október sl., lagt fram til kynningar.

Innanríkisráðuneytið óskar eftir afstöðu kirkjuráðs til erindis Fríkirkjunnar í Hafnarfirði varðandi breytingu á lögum um sóknargjöld o.fl.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara erindinu.

4. ERINDI FRÁ FORMANNI SÓKNARNEFNDAR KEFLAVÍKURSÓKNAR

Erindi frá formanni sóknarnefndar Keflavíkursóknar frá 14. október sl. lagt fram. Erindið fjallar m.a. um stöðu safnaðarprests sóknarinnar og ósk um að hann fái laun frá þjóðkirkjunni.

Samkvæmt lögum er skylt að auglýsa prestsembætti þjóðkirkjunnar sem eru launuð samkvæmt samkomulagi ríkis og kirkju. Þar af leiðandi er ekki unnt að verða við beiðni formannsins.

5. ÖNNUR MÁL

a. Erindi frá innanríkisráðuneytinu.

Erindi innanríkisráðherra um tillögu til þingsályktunar um viðaukasamning við samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997.

Kirkjuráð samþykkti að gera ekki athugasemd við að mál innanríkisráðherra verði lagt fram á kirkjuþingi 2014. Kirkjuráð mælist til við forsætisnefnd kirkjuþings að fjármál þjóðkirkjunnar verði ekki afgreidd fyrr en í desember þegar annarri umræðu Alþingis um fjárlagafrumvarpið, er lokið.

b. Erindi frá innanríkisráðuneytinu.

Ráðuneytið óskar eftir umsögn um lagafrumvarp um kirkjuleg málefni er innanríkisráðherra hyggst flytja á Alþingi. Samkvæmt lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 leitar ráðherra umsagnar og tillagna kirkjuþings um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni, er hann hyggst flytja á Alþingi.

Kirkjuráð samþykkti að flytja tillögu til þingsályktunar, á kirkjuþingi 2014, þess efnis að 3. gr. tilskipunar um vald biskups til að veita undanþágu frá fermingartilskipunum 1827 23. mars falli brott.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:53

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari

Agnes M. Sigurðardóttir
biskup Íslands